



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 85. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 2. nóvember 2009 kl. 15:00, í húsakynnum Samorku.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, formaður, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason og Jónas M. Matthíasson. Boðuð forföll: Ólafur G. Flóvenz og Ragna Karlsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Tilnefning til stjórnar IGA.

IGA hefur óskað eftir 2 tilnefningum vegna kosningar til stjórnar IGA, en Benedikt Steingrímsson og Gestur Gíslason sitja nú í stjórninni. Gestur situr nú sitt annað tímabil og er því ekki kjörgengur á ný. IGA hvetur til að þeir sem setið hafa eitt tímabil, 3 ár, séu í framboði á ný og er samstaða um það í stjórn JHFÍ að Benedikt verði á ný tilnefndur af JHFÍ. Ræddar voru hugmyndir um hinn fulltrúann, en ákvörðun frestað til næsta fundar. Tilnefningarfrestur er til 18. desember.

3. WGC 2015.

JHFÍ hefur fregnað það óformlega, frá fulltrúa í kjörnefnd IGA, að niðurstaða í kosningu stjórnarmanna hafi orðið á þann veg að WGC 2015 verði haldið í Ástralíu. Ísland varð í öðru sæti í kosningunni en Þýskaland í því þriðja. Beðið er formlegrar tilkynningar, áður en afpöntuð verða hér gistirými og fundarsalir, og þeim er ábyrgðust fjármál WGC 2015 héraðs verður tilkynnt um niðurstöðuna og þeim þakkað þeirra framlag.

4. Innheimta félagsgjalda.

JM greindi frá því að innheimtan gengur með ámóta hraða og árið áður, en á tæpum mánuði hafa borist greiðslur frá rúmlega 30% einstaklinga með félagsaðild, og um 20-25% fyrirtækja og stofnana. Rætt á næsta fundi hvort taka skuli upp formlegri innheimtuaðferðir.

5. Opinn fundur 21. okt., með Samorku, ÍSOR, OS, GEORG og iðnaðarráðuneyti.

Fundurinn heppnaðist vel og hann sátu um 230 manns, á Nordica, en aðstandendur hefðu kosið meiri umfjöllun í fjölmiðlum. Ríkisútvarpið, Morgunblaðið og Viðskiptablaðið fjölluðu um fundinn, mis mikið. Hlutur JHFÍ í fundarkostnaði er um kr. 126.000.

6. Haustþing JHFÍ.

Þingið verður haldið í húsakynnum OR 8. desember. ÁM hefur unnið drög að dagskrá sem hann dreifði fyrir fund og voru þau til umræðu. ÁM klárar dagskránnu en allar ábendingar stjórnarmanna vel þegnar.

7. Önnur mál.

JHFÍ hefur borist boð um þátttöku á aðalfundi Evrópudeildar IGA, 2. desember í München. ÁM verður staddur í München vegna ráðstefnu og stefnir á að sækja aðalfundinn.

Ákveðið að funda næst í byrjun desember, um viku fyrir haustþing.

Fundi slitið kl. 15:55. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
